

LAXARANNSÖKNIR Í MIÐFJARÐARÁ 1991

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1991

VMST-N/91015X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

Laxarannsóknir í Miðfjarðará 1991

INNGANGUR

Eins og fram hefur komið í stuttum pistlum mínum sem hafa fylgt verðskránni undanfarandi ár fara fram margvísleg ræktunar- og rannsóknastörf á laxastofnum Miðfjarðarána. Til að framþróun geti orðið í ræktunarstarfinu er mikilvægt að geta metið stöðugt árangur þess. Mikilvægasti þáttur þess starfs eru umfangsmiklar seiða- og laxamerkingar sem hafa farið fram í Núpsá frá 1986 og nú er búið að taka saman helstu niðurstöður. Að auki er fylgst með ástandi seiðastofna um allt árkerfið með rafveiðum, og niðurstöður þeirra úttekta lagðar til grundvallar þegar ákvarðanir um aðgerðir eru teknar.

VEIÐIN 1991

Veiðin fór frekar dræmt af stað og var þar um að ræða nokkra samverkandi þætti. Stórlaxinn gengur ávallt fyrr en smálaxinn og eftir slaka smálaxaveiði 1990 var ekki að búast við mikilli stórlaxagegnd 1991. Það gerði þó illt verra að laxinn var óvenju seint á ferðinni og vatnsleysi orsakaði að hann dreifðist lítið um ána.

Þegar leið á sumarið batnaði ástandið verulega. Þegar upp var staðið höfðu veiðst rúmir 1000 laxar. Þótt veiðin hafi orðið nokkuð góð seinnipartinn og mun betri er í nærliggjandi ám, þá varð heildarveiðin langt undir meðallagi. Smálaxaveiðin náði þó meðallagi sem ætti að endurspeglast í mun betri veiði fyrri hluta veiðitímans næsta sumar.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Almennt má segja að seiðabúskapur árinna sé góður um þessar mundir. Einkum er ástandið nú gott í aðalánni, frá Grjóthyl og upp að ármótum Núpsár. Í Austurárgilinu er heildarþéttleiki seiða lágur, en seiðin sem þar eru dafna mjög vel og útlit fyrir áframhaldandi þokkalega gönguseiðaaframleiðslu. Í Núpsá og Vesturá er ástandið gott. Vorið 1991 kom snemma og sumarið var hlýtt. Gönguseiðaaframleiðslan varð mjög góð og því sköpuðust góð skilyrði fyrir smærri seiðin sem döfnuðu vel. Það er því allt útlit fyrir áframhaldandi góða gönguseiðaaframleiðslu næsta vor.

Sleppingar smáseiða á Ólaxgeng svæði hefur verið snar þáttur í ræktunarstarfinu á undanförnum árum. Mestu sleppingarnar hafa verið í Austurá þar sem möguleikarnir eru líka mestir. Frá því að sleppingar fóru fyrst að skila sér í veiði 1985 hefur hlutur Austurár í heildarveiðinni líka vaxið mikið enda stórt hlutfall laxa sem þar veiðast úr smáseiðasleppingum. Þegar stiginn í Kambsfossi var opnaður síðla sumars 1991 gekk strax mikið af laxi fram ána.

Í Núpsá hefur gönguseiðaaframleiðsla úr smáseiðasleppingum á Ólaxgeng svæði sérstaklega verið könnuð. Þar hafa 13-35% sleppiseiða náð göngubroska, en hlutfallið var lægst úr sleppingunum 1987 og 1988 þegar flest seiðin dvöldu 3 ár í ánni. Sleppingin frá 1990 lofar hinsvegar mjög góðu. Seiðin voru mun stærri þegar þeim var sleppt heldur en á árunum þar á undan og tæp 7% þeirra gengu út strax árið 1991.

GÖNGUSEIÐASLEPPINGAR

Allt frá árinu 1983 hefur gönguseiðum verið sleppt í Miðfjarðará. Framanaf voru heimtur mjög litlar en á síðari árum hefur náðst betri árangur. Sleppingarnar 1990 skiluðu sér 1.8% í veiði og ekki virðist skipta máli hvort sleppt er í Núpsá eða nærri Ósnum, fyrir neðan brú. Dreifing

fullorðinna laxa um ána endurspeglar þó sleppistaðinn. Þannig veiðast laxar úr ósasleppingunum neðarlega í Miðfjarðará en Núpsársleppingin skilar sér í veiðinni neðst í Núpsá og á kaflanum frá veiðihúsinu og fram í ármót Austurár og Núpsár.

Stærð gönguseiða skiptir miklu máli fyrir skiptingu endurheimtna í smálax og stórlax. Því stærri sem seiðin eru, því stærri verður smálaxinn og því lægra hlutfall dvelur tvö ár í sjó. Sumarið 1991 voru gerðar tilraunir með sleppingu mjög stórra gönguseiða en mörg þessara seiða urðu kynþroska í stað þess að verða sjóþroska og urðu um kyrrt í ánni, veiðimönnum og fleirum til mikilla óþæginda og hugarangurs.

VEIÐIÁLAG

Með rannsóknunum í Núpsá hefur verið unnt að meta hve stóru hlutfalli göngunnar veiðimenn ná. Síðustu fjögur árin hefur veiðiálag á stórlaxi af Núpsáruppruna verið að meðaltali 75% og 60% fyrir smálaxinn. Rúmlega helmingurinn af smálöxunum og 70% af stórlöxunum sem veiðast eru teknir áður en þeir ganga upp í Núpsá, aðallega frá Kotbakka og fram í Núpsármót. Mér þykir líklegt að veiðiálagið sé heldur minna á laxi úr Vesturá og Austurá. Einnig er líklegt að það sé minna þegar göngurnar eru stórar.

SVEIFLUR Í LAXGENGD

Frá árinu 1974 hefur laxveiði í Miðfjarðaránum sveiflast frá 583-2581 og meðalveiðin verið um 1400 laxar. Sé litið á smálax og stórlax sérstaklega hafa sveiflurnar verið mun meiri, um 15-faldar í smálaxinum og 9-faldar í stórlaxinum.

Á þeim fáu árum sem rannsóknirnar í Núpsá ná enn til hefur verið álíka mikill breytileiki í heimtum villtra seiða úr sjó á milli ára (4-12%) og framleiðslu gönguseiða í ánni (0.9-

3.0/100m² á laxgenga svæðinu, 2.0-7.3/100m² á ólaxgenga svæðinu). Þegar vaxtarskilýrði fyrir seiðin versna, t.d. vegna mikils seiðapéttleika, kulda eða flóða, þá minnkar gönguseiðaframleiðslan til mikilla muna. Óhagstætt tíðarfar og aðrir umhverfispættir hafa minni áhrif á seiðastofn sem er gisinn heldur en þéttan seiðastofn, eins og samanburður á framleiðslu laxgengra og ólaxgengra svæða ber vitni um.

Ég tel að þótt vissulega væri æskilegt að hafa gögn til fleiri ára til að byggja á, þá sé alveg ljóst að til að bæta gönguseiðaframleiðslu í ánum og gera hana jafnari þurfi að takmarka þann fjölda seiða sem settur er á árlega, umfram það sem nú er gert. Þetta getur verið erfitt í framkvæmd, en þó má ná langt með því að einbeita sér að tiltölulega litlum svæðum þar sem uppeldisskilýrði eru góð. Þannig stendur gönguseiðaframleiðsla í Núpsá t.d. undir u.þ.b. þriðjungi allrar laxveiði í Miðfjarðaránum og þar er tiltölulega auðvelt að grisja hrygningarstofninn á haustin.

Þótt veiðiálag upp á 50-75% kunni að virðast hátt (og sé reyndar herra en ég átti von á) þá hafa nokkrar erlendar rannsóknir sýnt að laxastofnar þola vel 90-96% veiðiálag, sé umhverfi þeirra ekki spillt. Ef við umgöngumst náttúruna með virðingu og skynsemi þurfum við tæpast að óttast að ofveiði geti spillt laxastofnum okkar.